

Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-12  
150 Reykjavík

Reykjavík, 31. október 2022

## Umsögn ÖBÍ réttindasamtaka vegna tillögu til þingsályktunar um fjarvinnustefnu. Þingskjal 214 – 213. Mál

### ÖBÍ - réttindasamtök taka heilshugar undir að fjölga verði tækifærum í fjarvinnu.

Fólk með skerta starfsgetu á sumt erfitt með að stunda vinnu vegna aðstæðna á vinnustað eða vegna þess að of mikil orka fer í að ferðast til og frá vinnustað. Það var reynsla margra með skerta starfsgetu að þeir áttu auðveldara með að leggja stund á vinnu þegar vinnustaðir sýndu meiri sveigjanleika í formi fjarvinnu á meðan Covid faraldurinn stóð sem hæst. Margir gátu jafnvel aukið við sig vinnu þegar hægt var að vinna heima, í aðstæðum sem hentuðu þeim betur. Ef möguleikar til fjarvinnu yrðu auknir og réttindi starfsmanna lögfest myndi það að öllum líkindum leiða til aukinnar þátttöku fatlaðs fólks á vinnumarkaði og verða til þess að fólk með sveiflukennda sjúkdóma myndi síður falla út af vinnumarkaði þegar einkenni sjúkdómsins væru slæm. Um leið myndi annað fatlað fólk hafa betri möguleika til að taka þátt á vinnumarkaði.

Ekkert um okkur án okkar!

Virðingarfyllst,

  
Þuríður Harpa Sigurðardóttir formaður ÖBÍ

  
Sunna Elvira Þorkelsdóttir lögræðingur ÖBÍ